

Hringt í útlöndum

Þegar ferðast er til útlanda er gott að hafa nokkur atriði í huga: Hvað kostar að hringja og hlaða niður efni (t.d. í tölvupósti) í viðkomandi landi? Er verðþak á gagnamagni? Þarf að gera einhverjar ráðstafanir, t.d. varðandi stillingar á símtæki áður en haldið er utan?

Símtækin:	Kannið hvort símtækið virki í því landi sem verið er að fara til.
Netlyklar:	Eru opnir fyrir notkun erlendis en ber að varast að fara með þá erlendis enda er notkun þeirra kostnaðarsöm.
Snjallsímar/ Spjaldtölvur:	Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeirri notkun sem forrit snjallsíma geta staðið fyrir. Ráðlegt er að slökkva á öllu reiki í snjallsímum þegar farið er út.
Frelsi:	Rauntímarukkun á sér ekki stað í útlöndum og geta því bakreikningar komið eftir á.
EB:	Ákveðin hámarksverð hafa verið sett fyrir símtöl, gagnanotkun og sms skilaboð sem send eru í reiki innan aðildarríkja EB.
10.000 kr þak	Við hjálpum þér að varast of háa reikninga erlendis með því að setja 10.000 kr. þak á GPRS reiki innan Evrópu
Talhólf:	Ráðleggjum við öllum að slökkva á talhólfi þegar farið er til útlanda.

SÍMTÆKI Til eru tíðnir sem símar nota sem eru mismunandi eftir löndum. Mikilvægt er að sjá hvaða tíðni símtækið notar og hvaða tíðni er í því landi sem á að ferðast til. Hægt er að finna upplýsingar um þetta á vefsíðum, en einnig er hægt að koma með símtækið í verslun og fá aðstoð við að kanna málið. [Farsímatíðni eftir löndum.](#) [Upplýsingar um símtæki.](#) (Oftast er hægt er að sjá tegund símtækis undir rafhlöðunni)

NETLYKLAR ERLENDIS Allar þjónustur í kringum Netlykla 365 eru opnar erlendis og hægt að nota í flestum löndum. Þessi þjónusta er hins vegar mjög kostnaðarsöm og ekki ráðleg nema fólk geri sér grein fyrir þeim kostnaði. Þessi notkun er aldrei innifalin í áskriftarleiðum sem eru keyptar hjá 365 og reiknast ekki í rauntíma svo háir bakreikningar gætu komið.

STILLINGAR Í SNJALLSÍMA/SPJALDTÖLVUR Meirihluti seldra símtækja og spjaldtölva í dag bjóða upp á þann möguleika að vafra um á netinu. Þetta er hægt í flestum löndum heimsins, en getur reynst mjög kostnaðarsamt. Það eru þó aukalega mörg forrit sem senda og ná í upplýsingar á netið þó ekki sé verið að fara sérstaklega á netsíður og GPRS staðsetning getur einnig spilað hér inn í. Þessi notkun er ekki innifalin í neinum þjónustum hjá 365 en hægt er að setja stillingar tækja þannig að þau taki ekki við gagnamagni og reyna þannig að koma í veg fyrir óþarfa notkun. 365 getur ekki ábyrgst notkun erlendis og hvetur fólk til þess að kynna sér bæði tæki sín sem og kostnað erlendis.

FRELSI Í ÚTLÖNDUM Aðgát skal höfð með inneignir á frelsis númerum erlendis. Þar sem rauntímarukkun á sér aldrei stað úti þá koma reikningar frá erlendum fyrirtækjum til 365 sem síðan rukkar fyrir þá notkun sem á sér stað. Þetta gerir það að verkum að ekki er hægt að treysta á það að inneign einfaldlega klárist ekki og ekki verði greitt fyrir meira en það.

HÁMARK INNAN LANDA Á EES SVÆÐINU Verðþök eru eftirfarandi fyrir viðskiptavini á ferð innan landa á EES svæðinu:

Hámarksverð með VSK

Gagnaflutningur – verð pr. MB.	9,17 kr.
Hringd símtöl – verð pr. mín.	9,17 kr.
Móttekin símtöl – verð pr. mín.	2,09 kr.
Send SMS skilaboð – verð pr. SMS	3,67 kr.

10.000 KR. ÞAK Á ERLENDU REIKI Að fara á netið erlendis getur verið mjög dýrt. Til þess að reyna að koma í veg fyrir háa bankreikninga sem geta myndast á ferðalögum þá lokum við fyrir GPRS reiki ef kostnaður á gagnamagni er farinn í 10.000 kr. innan Evrópu (EU og EES landa). Með þessu reynum við að tryggja öryggi viðskiptavina okkar á ferðum erlendis. SMS aðvörun er send þegar 80% og þegar hámarki upp í þak er náð. Þá er hægt að senda SMS með textanum „NIDURHAL“ án gæsalappa í 1817 til þess að bæta 10.000 kr. við þak. Athugið: Erlendir samstarfsaðilar geta skilað gjaldfærslugögnum mjög seint til 365 og því er erfitt að fylgjast með notkun í örfáum tilfellum, á þetta sérstaklega við um aðila utan Evrópu. **Aðgát skal alltaf höfð þegar um erlent reiki er að ræða.**